



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. mars 2019

1902033SA KB/bg
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um vistvæn opinber innkaup á matvöru, 43. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 19. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um tillögu til þingsályktunar um vistvæn opinber innkaup á matvöru.

Almennt um þingsályktunartillöguna

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að Alþingi feli fjármála- og efnahagsráðherra að vinna frumvarp þess efnis að ávallt skuli tekið tillit til umhverfissjónarmiða og dýravelferðar við opinber innkaup á matvöru. Frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi fyrir lok desember 2019.

Ábendingar varðandi tillöguna

Líkt og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni heimila lög um opinber innkaup að tekið sé tillit til umhverfisverndar og velferðar dýra við innkaup. Það sem hindrar þó flest sveitarfélög við að nýta sér þann sveigjanleika eru betri leiðbeiningar um hvernig megi nota þá heimild. Lög um opinber innkaup eru mjög íþyngjandi og brot gegn þeim geta falið í sér mikinn kostnað í kærufarli og skaðabótum. Vilji opinberra aðila til að taka tillit til umhverfissjónarmiða og dýravelferðar fer almennt vaxandi með aukinni þekkingu og umræðu í samfélaginu en það breytir því ekki að í framkvæmd er flókið að koma slíkum áherslum inn í samninga sbr. umsögn Reykjavíkurborgar.


Sambandið vill vekja athygli á því að snemma árs 2018 samþykkti ríkisstjórn Íslands tillögu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um að setja á fót starfshóp um innkaupastefnu opinberra aðila á sviði matvæla (sjá meðfylgjandi bréf frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra). Hlutverk starfshópsins er að móta stefnu um opinber innkaup til að tryggja neytendum matvæli úr heilnæmum afurðum með tilliti til framleiðsluhátta og umhverfisáhrifa. Stefnan taki m.a. mið af því að opinber innkaup matvæla stuðli að minnkun sótsþors við framleiðslu og flutning. Starfshópnum er falið að móta tillögur að hvötum, fræðslu og til að styðja við innkaupastefnu sem byggir á framangreindum viðmiðum. Tillögur hópsins þurfa enn fremur að tryggja að neytendur hafi aðgang að upplýsingum um uppruna matvæla og að stefnan uppfylli lýðheilsuáhrifum um næringu.

Starfshópurinn hefur ekki skilað inn lokaniðurstöðu en eðlilegt er að leyfa tillögum starfshópsins að koma til framkvæmda og meta þann árangur er næst af markvissri innkaupastefna. Er því ótímabært að huga að lagasetningu áður en niðurstöður þessa starfshóps liggja fyrir.

Sé hins vegar ekki vilji til að bíða eftir niðurstöðum starfshópsins leggur Sambandið til að í stað þess að undirbúið verði frumvarp sbr. ofangreind þingsályktunartillaga þá verði fjármála- og efnahagsráðherra falið að semja leiðbeiningar fyrir opinbera aðila um hvernig hægt sé að nýta sér sveigjanleika laga um opinber innkaup til að auka innkaup á vistvænni matvöru. Þannig geti ríki og sveitarfélög tekið tillit til þeirra leiðbeininga og þá fæst þekking og reynsla á slíkt fyrirkomulag án þess að um íþyngjandi lagasetningu sé að ræða. Náist umrætt markmið ekki með leiðbeiningum og jákvæðum hvötum til opinberra aðila væri hægt að skoða lagasetningu síðar meir.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs



Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30
Pósthólf 8100
128 Reykjavík

SAMBAÐ ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA	
Mál nr.	180304JSA
Móttækið dags.	19. MAR. 2018
Brefafylkis nr.	0061

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 15. mars 2018
Tilv.: ANR18030035/02.03.08

Efni: Ósk um tilnefningu í starfshóp um innkaupastefnu opinberra aðila á sviði matvæla

Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt tillögu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um að setja á fót starfshóp um innkaupastefnu opinberra aðila á sviði matvæla. Verkefnið verður unnið á vettvangi Matarauðs Íslands í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið, velferðarráðuneytið, umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hlutverk starfshópsins er að móta stefnu um opinber innkaup til að tryggja neytendum matvæli úr heilnæmum afurðum með tilliti til framleiðsluhátta og umhverfisáhrifa. Stefnan taki m.a. mið af því að opinber innkaup matvæla stuðli að minnkun sótsþors við framleiðslu og flutning. Starfshópnum er falið að móta tillögur að hvötum, fræðslu og til að styðja við innkaupastefnu sem byggir á framangreindum viðmiðum. Tillögur hópsins þurfa ennfremur að tryggja að neytendur hafi aðgang að upplýsingum um uppruna matvæla og að stefnan uppfylli lýðheilsuáhrifum um næringu.

Gert er ráð fyrir að vinna við verkefnið hefjist sem fyrst og tillaga um innkaupastefnu liggi fyrir við lok ársins 2018.

Með vísan til framanritaðs óskar ráðuneytið eftir að þér tilnefnið fulltrúa í starfshópinn. Mælt er til þess að tilnefningin berist ráðuneytinu hið fyrsta og eigi síðar en 26. mars nk. Vinsamlegast látið kennitölu, heimilisfang og netfang tilnefndra aðila fylgja.

Ráðherra skipar formann hópsins án tilnefningar.

Samkvæmt 15. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008 skal „við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40 % þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.“ Með vísan til þessa ákvæðis er þess óskað að tilnefndir verði tveir einstaklingar, kona og karl. Samkvæmt greininni er tilnefningaraðila heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum til að kynjaskipting sé sem jöfnust bæði meðal aðalmanna og varamanna.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra


Ólafur Friðriksson


María Hauksdóttir

